

Póst- og fjarskiptastofnun
b.t. Sigurjóns Ingvasonar
Suðurlandsbraut 4
105 Reykjavík

Varðar: Umsögn Nova um fyrirhugað uppboð tíðniheimilda á 700,800,2100 og 2600MHz tíðnisviðum.

1.1.1 Eigið fé aðila.

Væntanlega á að vera vísað til heimilda A-D2 en ekki A-C2.

2.2.1 Almennar kröfur til útbreiðslu og hraða.

Nova telur rangt af PFS að auka útbreiðslukröfur upp í 99,0% lögheimila og vinnustaða í stað 98,0% eins og fyrri drög gerðu ráð fyrir.

Bent er á að krafa um 99,0% þekjun með afar háum þjónustugæðum er gríðarlega há krafa, bæði hvað varðar tæknilega eiginleika og uppbyggingu en ekki síður hvað varðar fjárfestingar og reglulegan rekstrarkostnað. Má þar vísa til skýrslu Mannvits fyrir PFS frá 2012 sem fjallar um kostnað við farnetsuppbyggingu og þann mikla kostnað sem síðustu prósent uppbyggingar kalla eftir.

Þó svo að einn markaðs- og hagsmunaðila hafi gert að tillögu sinni í samráðinu að hækka kröfuna frá 98,0% í 99,0% má ekki líta fram hjá því að sá aðili gerði um leið að tillögu sinni að fallið væri frá öllum öðrum sértækum uppbyggingarskilyrðum. Ekki má heldur líta framhjá því að umræddur aðili var um langan tíma ríkisfyrirtæki með einkaréttindi á íslenskum fjarskiptamarkaði og byggði á þeim tíma upp víðfeðmt alhliða dreifikerfi sem nær til yfir 99% landsmanna.

PFS virðist hafa gripið þessa tillögu á lofti en fellur þó aðeins frá kröfunni um að elta ljósleiðaravæðingu sveitarfélaga (enda var sú krafa frá upphafi ákaflega sérkennileg) en fellur ekki frá kröfu um uppbyggingu sértækra fjallasenda og þar að auki bætir PFS enn við skilyrðin með kröfu um gríðarmikla hraðaaukningu, þ.e. upp í 50Mbps á hverjum einasta sendi (í 99% sendaflokki) í stað 30Mbps!.

Þessar kröfur eru gríðarlega miklar. Nægir að vísa til þess að í uppboðinu árið 2013 treysti enginn núverandi netrekanda sér til að gangast undir áþekk skilyrði. Nova veltir því fyrir sér hvort sú staða muni breytast í ljósi þess að PFS fer nú fram með sambærileg og gífurlega ströng uppbyggingar-, rekstrar og fjárfestingaskilyrði.

Bent er á að eðlilegt sé að horfa til þess að nú þegar eru veittar tíðniheimildir á 800MHz sviðinu bundnar við 93,5% og 30Mbps kröfur og að ekki sé skynsamlegt að hróplegur munur verði á þeim og öðrum réttindum á 700 og 800MHz. Nova hefur réttindi fyrir 2x5MHz á 800MHz bandinu og einn netrekanda hefur (með sameiningu Vodafone og 365) réttindi fyrir 2x15MHz á 800MHz, þar sem umræddar kröfur gilda. Sá netrekandi virðist ekki hafa sýnt áhuga á A tíðniheimildinni miðað við að henni hefur nú verið skilað. Væntanlega hefur A-heimildinni verið skilað vegna þeirra þungu skilyrða sem á henni hvíldu.

Minnt er á að PFS hefur úthlutað tveimur markaðsaðilum 2x15MHz á 900MHz bandinu, tæknióháð. Umrædd fyrirtæki búa að þeirri aðstöðu að hafa nú þegar byggt upp 900MHz sendabúnað fyrir GSM sem nær til um 99% landsmanna. Báðum þessum fyrirtækjum er mögulegt að nýta þetta tíðnisvið og innviði (svo sem loftnet og sendabúnað) fyrir 4G á 900MHz bandinu og slík fjárfesting verður óhjákvæmilega verulega hagkvæmari en að byggja upp nýtt og víðfeðmt 700MHz eða 800MHz lag. Engar kröfur fylgja þó 900MHz tíðniréttindunum. Vegna þessa hníga öll rök til þess að á komandi árum muni núverandi 900MHz búnaður verða uppfærður til að keyra einnig 3G/4G tækni og því má PFS gera ráð fyrir, óháð uppboðinu, að núverandi GSM þéttleiki þróist yfir í 99% háhraða þéttleika í næstu framtíð.

Nova telur vegna alls þessa hvorki skynsamlegt né sanngjarnt að hrópandi munur verði á kröfum til þess hluta 700-800MHz tíðna sem nú fara í uppboð og þeirra 800MHz tíðna (hvað þá 900MHz) sem þegar eru í notkun.

Því er lagt til að miðað verði við 97,5% útbreiðslu án sértækra uppbyggingarskilyrða og að hraðamark miðist áfram við 30Mbps. Sem fyrr segir mun slík krafa ekki koma í veg fyrir að farnet á Íslandi verði innan fárra ára með háhraða þjónustu fyrir um og yfir 99% landsmanna.

Varðandi hraðaviðmið telur Nova óábyrgt að leggja á netrekendur kröfu um 50Mbps. Nova er samþykkt sjónarmiðum um almenn þjónustuviðmið sem horfa til viðurkenndra mælinga á gæðum þjónustu, þar sem einkum er horft til samfellu þjónustunnar og ásættanlegra gæða mismunandi þjónustuþátta en ekki einskorðað við einn ákveðinn gagnaflutningshraða fyrir öll tilvik, alltaf og alls staðar. Vissulega standa væntingar til þess að gagnahraði farneta verði enn meiri en nú er eftir nokkur ár og er þá m.a. sérstaklega horft til væntrar getu 5G farnetskerfa. Þar er hins vegar um að ræða tækni og þjónustu sem enn er á teikniborðinu og afar ólíklegt er að muni ná 99% þéttleika á árinu 2022. Með aukinni 4G tækni, t.d. 4.5G má búast við enn meiri hraðamöguleika en nú er, en algerlega óraunhæft er að gera ráð fyrir slíkri uppbyggingu heilt yfir dreifikerfin. Nova telur því óraunhæft að gera kröfu um 50Mbps hraða á öllum farnetssendum netrekanda með 99% þjónustukvöð. Mikilvægt er að PFS taki einnig tillit til þess að verulega aukin hraðakrafa byggir á forsendu um verulega auknar kröfur til fjarskiptasambanda með tilheyrandi fjárfestinga- og rekstrarhækkunum. Nova telur það ekki þjóna hagsmunum hagkvæmra fjarskipta og samkeppni að gera svo gríðarlega miklar kröfur, heilt yfir.

Einnig er bent á að gagnahraði er verulega háður stærð þess tíðnirófs sem unnið er með á hverjum sendi. Þannig er ósanngjarnt að netrekendum með sitt hvora stærð tíðnirófs skuli engu að síður gert að uppfylla sömu skilyrði um gagnahraða.

2.2.2 Kröfur um uppbyggingu og þjónustu utan byggðar.

Nova telur að PFS muni ekki ná fram markmiðum sínum um uppbyggingu utan alfaraleiða með þessum hætti sem uppboðskilmálar segja til um. Miðað við þetta fyrirkomulag sem lagt er upp með gæti vel farið svo að aðeins lítil hluti þessarar staða yrði byggður upp með þessum hætti. Nova ítrekar að mun árangursríkara yrði að stjórnvöld styddu við aðgang að hagkvæmri aðstöðusköpun fyrir þau svæði sem tiltekin eru og að slík ráðstöfun myndi skila árangri.

Einnig er bent á að nú þegar hefur háhraðafarnetsþjónustu verið komið upp á nokkrum þessara svæða þar sem t.d. er veitt 3G þjónusta sem styður allt að 21Mbps. Þessum stöðum mun fjölga, alveg óháð uppboðinu, enda er ekki annað að sjá en að það sé almennt kapp netrekanda hér á landi að veita þjónustu sína sem allra víðast, og að það sé fyrst og fremst umtalsverður kostnaður við aðstöðusköpun og rekstur sem hindrar þá uppbyggingu.

Nova leggur því til að PFS felli niður þessa sértæku uppbyggingarkröfu.

Gerð er krafa um reikiframboð til annarra tíðniréttihafa á 700MHz.

Væntanlega á sú krafa að gilda um A-D2 heimildirnar að lágmarki.

2.4.3 Takmörkun á fjölda 2600MHz tíðniheimilda.

Nova telur afar óeðlilegt að fallið sé frá takmörkun á heildarúthlutun á 2600MHz sviðinu. Bent er á að 2600MHz tíðnisviðið var í upphafi 4G þjónustu fyrsta og helsta tíðnisvið 4G þjónustu í nágrannalöndum Íslands. Þetta tíðnisvið er því stutt af öllum notendabúnaði og hefur svo verið frá upphafi og telst til afar mikilvægs 4G tíðnisviðs. Vegna hinnar háu tíðni er tíðnisviðið háð annmörkun, svo sem skammdrægni. Engu að síður er tíðnisviðið einkar mikilvægt til að auka

afkastagetu á litlum afmörkuðum svæðum, t.d. við stór mannamót og viðburði. Nova fær ekki séð að haldbær rök hnígi til þess að afnema takmörkun á fjölda heimilda á tíðnibandinu. Einnig er vísað er til fyrirhugaðra takmarkana á 700-800-900 heimildum og að bæði er það óeðlilegt og ekki í neinu samræmi við viðmið PFS hingað til að allt annað gildi um svo mikilvægt tíðniband sem 2600MHz bandið er.

2.5 Hámarksúthlutun á tíðniheimildum.

Nova telur að stofnunin gangi of langt með því að hafa opið fyrir að veita einum netrekanda heimildir fyrir allt að 40MHz samtals á 700-800-900 MHz böndunum. Nova leggur til að hámark sé bundið við 35MHz enda fæst ekki séð að slík takmörkun myndi skerða möguleika þess aðila sem byggi að 35MHz í stað 40MHz sem nokkru næmi, utan það að slíkur aðili byggi þá að yfirburðastöðu enda hefði umræddur aðili réttindi fyrir 47% af öllum heimildum á 700-800-900 sviðinu til framtíðar!

.....

Með kveðju og virðingarfyllst,
Jóakim Reynisson